

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

## Leiðbeiningar fyrir val á vorönn 2023

Kæru nemendur, nú er komið að því að velja áfanga fyrir næstu önn.

Allir staðnemendur sem ætla að stunda nám á vorönn 2023 þurfa að ganga frá vali í síðasta lagi föstudaginn 21. október.

Listi yfir þá áfanga sem eru í boði fylgir hér með en hann má einnig finna á heimasíðu skólans og í Innu.

Þið þurfið að skoða brautina ykkar mjög vel til að sjá hvaða áfanga þið þurfið að velja til að halda áfram á brautinni. Þið þurfið að gæta sérstaklega vel að undanfara hvers áfanga, að þið séuð búin með það sem þarf til að geta tekið áfangann sem ykkur langar í.

### Nemendur á félags- og hugvísindabraut:

[Hér er](#) skipulag brautarinnar ykkar, önn fyrir önn. Þið þurfið að velja ykkur sérhæfingu sem er bæði á öðru og þriðja þrepi og þurfa að minnsta kosti 2 námsgreinar að vera á báðum þrepum.

### Nemendur á náttúru- og raunvísindabraut:

[Hér er](#) skipulag brautarinnar ykkar, önn fyrir önn. Þið þurfið að velja ykkur sérhæfingu sem er bæði á öðru og þriðja þrepi og þurfa að minnsta kosti 2 námsgreinar að vera á báðum þrepum.

### Nemendur á íþróttabraut:

[Hér er](#) skipulag brautarinnar ykkar, önn fyrir önn.

### Nemendur á opinni braut:

[Hér er](#) skipulag brautarinnar ykkar, önn fyrir önn. Athugið að þið þurfið að hafa samráð við umsjónarkennarann ykkar, námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara varðandi sérhæfinguna ykkar.

### Nemendur á nýsköpunar- og frumkvöðlabraut:

Nemendur á brautinni velji í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara.

Nemendur sem eru að stefna að útskrift í maí 2023 þurfa að gæta vel að námsferli sínum og gott væri ef þið væruð í sambandi við náms- og starfsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara varðandi valið.

Til að skrá valið farið þið í INNU og smellið á „val“ sem er lengst til hægri á skjánum ykkar.

The screenshot shows the INNA web application interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo and menu items: Stundatafla, Áfangar, and Námið. On the right, there are user profile icons and a language selector (IS/EN). The main content area is divided into several sections:
 

- Stundatafla**: A calendar view for the current week (MÁNUDAGURINN 12.03) showing 'Engir tímar í dag!'.
- Til minnis**: A section for reminders with a 'Skoða sögu' button and a search bar for 'Bæta við verkefni'.
- Nýjar fjarvistir**: A green section for new remote lessons.
- Tilkynningar**: A blue section for notifications, currently showing 'Engar nýjar tilkynningar!'.
- Áfangar**: An orange section for courses, listing 'Íþróttir' and 'ÍPRÓ1HL02(1)'.
- Heimavinna**: A dark blue section for homework, showing 'Engin heimavinna skráð!'.
- Navigation menu**: A vertical list on the right with icons and labels: TÖFLUBREYTINGAR, VAL (highlighted in yellow), NÁMSGAGNALISTI, and HEIMAVINNA.

Þið veljið svo 2023-1-vorönn, til að skrá valið ykkar.

Þá opnast listi með áföngum í boði og þið veljið með því að smella á nafn áfangans.

The screenshot shows the 'Val 20182' interface. At the top, there is a blue header with the 'Val 20182' logo and an 'Upplýsingar' button. Below the header, there are statistics: 'Fjöldi eininga í aðalvali: 35', 'Fjöldi kennslustunda á viku: 28', and 'Fjöldi eininga í varavali: 8'. There are three buttons: 'Opna námsferli', 'Vista val', and 'Staðfesta val'.
   
 The main content is divided into three sections:
 

- Aðalval**: A list of 7 courses with their names and a '5ein' status with a close icon.
 

1. DANS2LH05	5ein ✕
2. ENSK2SG05	5ein ✕
3. GRTE1FF05	5ein ✕
4. INNÁ1IN05	5ein ✕
5. ÍSLE2MB05	5ein ✕
6. STÆR2GR05	5ein ✕
7. ÞÝSK1GR05	5ein ✕
- Varaval**: A section for alternative courses, showing 'Fjöldi áfanga í varavali á að vera minnst 2 og mest 2'.
 

1. TÖLN1GR03	3ein ✕
2. SPÆN1SA05	5ein ✕
- Sláðu inn heiti áfanga**: A search table with columns for course ID, name, and three numerical values.
 

Sláðu inn heiti áfanga					
MYNL1IN05	Aimernir mynlausir	5	1	3	
NÁSS1ÁM02	Náms- og starfsfræðs..	2	1	3	
SAGA2FR05	Frá upphafi til bylt..	5	2	4	Já Q
SAGA3MH05	Menningarsaga	5	3	4	Já Q
SÁLF1SD05	Sálfræði daglegs líf..	5	1	4	
SÁLF2F005	Sálfræði, áföll, fót..	5	2	3	
SÁLF2IN05	Inngangur að sálfræð..	5	2	4	
SÁLF3J005	Jákvæð sálfræði	5	3	4	
SKÖS1LI03	Sköpun á sérnámsbrau..	3	1	0	
SKÖS1ST03	Sköpun á sérnámsbrau..	3	1	0	
SKÖS1T03	Sköpun á sérnámsbrau..	3	1	0	
SPÆN1SA05	Spænska 1	5	1	4	
SPÆN1SC05	Spænska 3	5	1	4	Já Q
STAR1AA05	Starfsumhverfi og ví..	5	1	4	
STAS1AL03	Starfsnám í skóla á ..	3	1	2	
STVS1ST03	Starfsnám á vettvang..	3	1	0	
STVS1TV03	Starfsnám á vettvang..	3	1	0	
STÆR1FO05	Stærðfræði	5	1	3	
STÆR1GR05	Stærðfræði	5	1	4	
STÆR2GR05	Stærðfræði	5	2	4	
STÆR2SD05	Stærðfræði daglegs l..	5	2	4	
STÆR2TV05	Tölfræði	5	2	4	
STÆR2VH05	Hornaföll og vigrar	5	2	4	
STÆR3DF05	Deildun, föll og mar..	5	3	4	
STÆR3FB05	Línuleg algebra og f..	5	3	3	
STÆR3HE05	Heildun, runur og ra..	5	3	4	

Hér fyrir ofan sjáið þið nemanda sem valdi sér sjö áfanga í aðalval og tvo í varaval eins og þarf að gera. Þið sjáið í áfangalistanum að þeir áfangar sem eru feitletraðir eru þeir sem viðkomandi nemandi valdi. Þegar þið eruð búin að velja þá áfanga sem þið viljið fara í, þá veljið þið að vista val.

### **Mikilvægt!**

Þeir sem ekki skrá val í INNU fyrir 21. október  
verða ekki skráðir í skólann á næstu önn.